



Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 27. október 2020

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (skipt búseta barns) (Þingskjal 11 — 11. mál, 151. löggjð.)

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri

## Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003, með síðar breytingum (skipt búseta barns)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp og þakka fyrir tækifærið.

Umsögn þessi er nær samhljóða umsögn sem gerð var og send um sama mál á síðasta þingi.

Gott skref er tekið að mati Barnaheilla með því að gera foreldrum kleift að ákveða og skrá skipta búsetu barna sinna og jafna þannig stöðu foreldra sem ekki búa saman, en sem vinna saman í sátt og samlyndi að umönnun barna sinna. Það er tímabært og eðlilegt skref að ryðja úr vegi innbyggðum hindrunum kerfisins fyrir því að foreldrar geti tekið jafna og raunverulega sameiginlega ábyrgð á að sinna uppeldi barna sinna. Það er í eðlilegu samræmi við þróun foreldrahlutverksins og jafna stöðu kynjanna og breytta hlutverkaskipan í samtímanum. Margir foreldrar og sífellt fleiri ráða vel við að skipta með sér foreldrahlutverkinu og eiga virðingarrík samskipti sín á milli um og við barnið. Það er jafnframt rökrétt að jafna stöðu foreldra með því að heimila foreldrum að semja um sameiginlega ábyrgð á að framfæra barn og treysta þeim fyrir því að ákvarða með hvaða hætti þau haga framfærslunni.

Hins vegar er mikilvægt að vekja athygli á og undirstrika að það er ekki sjálfgefið að þessi staða sé í boði, því mikilvæg forsenda þess að skipt búseta sé það besta fyrir barnið, (með þeim skilyrðum og forsendum sem henni fylgja) er hið góða samkomulag sem þarf að ríkja á milli foreldra til að jafnvægi sé og samstaða um ákvarðanir um barnið. Getur það þess vegna verið verðugt markmið fyrir foreldra að ná því að geta unnið vel saman og þar með uppfylla skilyrði þess að geta skráð barnið með skipta búsetu, að því gefnu að það sé í samræmi við vilja barnsins og að það sé metið því fyrir bestu. En í þeim fjölskyldum þar sem ekki er sátt og samlyndi um uppeldi og umönnun barna, er mikilvægt að halda áfram gildandi reglum um ákvörðun forsjar, umgengni, meðlags og lögheimilis.

Barnaheill taka heilshugar undir það sjónarmið sem fram kemur í greinargerðinni með frumvarpinu að mikilvægur þáttur við undirbúning ákvörðunar um fyrirkomulag búsetu er mat á því hvort fyrirkomulagið sé líklegt til að styðja við þroskavænlegar uppeldisaðstæður barnsins. Ennfremur að við matið á því hvað barni sé fyrir bestu skuli lögð áhersla á mikilvægi þess að foreldrar virði afstöðu barnsins í samræmi við aldur og þroska.

Í greinargerðinni er sérstaklega tiltekið að í þessu frumvarpi sé ekki hnikað því að ýmis þjónusta við börn sé bundin við lögheimili samkvæmt ýmsum sérlögum. Að mati



# Barnaheill

Barnaheilla er þá mjög mikilvægt næsta skref við þróun löggjafar að barni sé veitt öll nauðsynleg þjónusta sem það á lögbundinn rétt á inn á bæði heimili sínu, svo sem réttur til hjálpartækja eða sértækrar þjónustu vegna fötlunar. Er það þó óháð því hvort barn hafi skráða skipta búsetu eður ei því barn þarf að njóta þeirrar þjónustu hvort sem það dvelur í umgengni hjá öðru foreldrinu eða það á þar fasta skipta búsetu.

Barnaheill fagna því að aukin áhersla er lögð á rétt barns til að tjá sig um ákvarðanir í frumvarpinu. Samtökin vekja þó athygli á því að orðalag sem fram kemur í tillögu að breytingu á 3. mgr. 33. gr. a barnalaga (í 8. gr. frumvarpsins) og á 43. gr. sömulaga (í 13. gr. frumvarpsins) um rétt barns til að tjá sig, er ekki að fullu í samræmi við orðalag 12. greinar Barnasáttmálans eins og hún er orðuð í upprunalegri útgáfu, á ensku (States Parties shall assure to the child who is capable of forming his or her own views the right to express those views freely in all matters affecting the child, the views of the child being given due weight in accordance with the age and maturity of the child).. barni verði alltaf gert kleift að tjá sig (þ.e. ekki háð aldri og þroska). Samkvæmt þessu orðalagi skal barni gefinn kostur að tjá skoðun sína í öllum málum sem varða það, en að tekið verði tillit til skoðana barns eftir aldri og þroska. Það skal ekki háð aldri og þroska barns hvort barni sé gefinn kostur á að tjá sig um mál sem það varðar. Það er mikilvægt að mati Barnaheilla að réttur skilningur á rétti barna til að tjá sig komi fram í lögum. Orðalag 13. greinar er á þessa leið: „Gefa skal barni kost á að tjá sig um mál í samræmi við aldur þess og þroska.“ Að mati Barnaheilla gefur þetta orðalag færi á að túlka ákvæðið svo að barni skuli aðeins gefinn kostur á að tjá sig ef aldur og þroski þess leyfir. Víða í lögum má finna sambærilega þýðingu á ákvæðinu sem ekki er í fullu samræmi við upprunalega merkingu 12. greinar Barnasáttmálans. Að mati Barnaheilla vekur það ástæðu til að óttast að börnum sem eru ung að aldri eða hafi þroskaskerðingu sé ekki boðið eða gert kleift að tjá sig um mál en að mati samtakanna er mikilvægt að öll börn njóti þeirra réttinda standi vilji þeirra til þess að nýta sér þau. Hægt er að fela fagfólki og sérfræðingum í samskiptum við börn það hlutverk að auðvelda barni að tjá skoðun sína og vilja.

Að mati Barnaheilla er það heillaskref að barni verður, ef frumvarpið verður að lögum, gert kleift og að það öðlist rétt til að hafa frumkvæði að því og kalla eftir að sýslumaður hlutist til um að fá foreldra þess til samtals um fyrirkomulag forsjár, lögheimilis, búsetu og umgengni. Það er mikil réttarbót fyrir börn sem lifa við það að foreldrar þeirra eiga í deilum um þau mál og valdeflandi fyrir börn. Upp vaknar þó sú spurning hvernig sá réttur verður kynntur fyrir barni? Mun barnið fá símanúmer sýslumanns og tölvupóstfang afhent? Eða verður barninu boðið upp á að vera í sambandi við tiltekinn tengilið hjá sýslumanni? Við hvaða tækifæri fær barn upplýsingar um þennan rétt sinn? Það væri gagn að því að fá um það leiðbeiningar í greinargerð með frumvarpinu.



# Barnaheill

Að síðustu er mikilvægt að minnst á gríðarlegt vinnuálag sem ríkir víða hjá sýslumannsembættum og allt of langan afgreiðslutíma mála. Gera þarf gangskör í að styrkja sýslumannsembættin með auknum fjárframlögum og fleira starfsfólki því bið eftir afgreiðslu mála getur að sögn verið allt upp í tvö-þrjú ár. (Sjá m.a. umsögn frá Júlí Ósk Antonsdóttur, lögmanni og aðjúnti við lagadeild Háskólans á Akureyri um frumvarpið, birt á vef Alþingis 23.5.2020 í nafni Lögmanns Norðurlandi). Slík bið er óásættanleg fyrir barn sem býr við ósætti foreldra og ekki er á það bætandi ef kerfið stendur ekki undir sínum lögboðnu skyldum vegna skipulagsannmarka eða fjárskorts. Biðtíma eftir afgreiðslu sýslumannsembættis, sér í lagi á höfuðborgarsvæðinu þarf að stytta og tryggja hraðari afgreiðslu mála, ella veldur kerfið sjálft því að skaði barns verður enn meiri af deilum foreldra. Og nú þegar bætast við verkefni eins og frumvarp þetta leggur til, þá er gífurlega mikilvægt að fara í heildarendurskoðun á skipulagi og þjónustu sýslumannsembættis og undirbúa vel þá viðbótarvinnu sem kemur til ef frumvarp þetta verður að lögum.

Barnaheill hvetja til þess að frumvarpið verði samþykkt sem lög og ríkuleg kynning á því fari fram í kjölfarið. Mikilvægt er að öllum börnum séu búin bestu mögulegu uppeldisskilyrði og að kerfislegar hindranir verði ekki til þess að foreldrar búi við ójöfnuð og misjöfn tækifæri til að taka þátt í umönnun barna sinna og ákvörðunum sem þau varða, þar sem skilyrði fyrir skiptri búsetu er fyrir hendi.

Barnaheill vilja þó hvetja til þess að vel sé fylgst með líðan barna sem búa við skipta búsetu og að gerðar verði rannsóknir á áhrifum þeirra breytinga sem frumvarpið leggur til.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Að mati samtakanna er það jákvæð þróun að foreldrar sem ákveða að ala börn sín upp á sitthvoru heimilinu í góðri samvinnu fái til þess styðjandi skilyrði frá hinu opinbera og að þeim sé treyst til að taka góðar sameiginlegar ákvarðanir fyrir börn sín.